

Verkís hf
Hugrún Gunnarsdóttir
Ármúla 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2013

Tilvísun: 201211010 / 5.2

Efni: Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar - ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar, Húnavatnshreppi.

Landsvirkjun sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 8. apríl 2013 ásamt tillögu að matsáætlun:

Landsvirkjun. Matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum virkjana á veituleið Blönduvirkjunar. LV-2013-041, 25. apríl 2013

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Húnavatnshreppi, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Húnavatnshreppi, með tölvupósti dags. 3. maí 2013, Ferðamálastofu, með bréfi dags. 8. maí 2013, Fiskistofu, með bréfi dags. 18. apríl 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, með tölvupósti dags. 22. apríl 2013, Landgræðslu ríkisins, með bréfi dags. 29. apríl 2013, Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 26. apríl 2013, Orkustofnun, með bréfi dags. 6. maí 2013, Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 23. apríl 2013 og Vegagerðinni með tölvupósti dags. 6. maí 2013. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 24. apríl 2013.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Landsvirkjun setti fram í bréfi dags. 24. apríl 2013 og með eftirfarandi athugasemdum:

Lýsing framkvæmdar

Virkjanir á veituleið. Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er m.a. fjallað um þann möguleika að auka hagkvæmni Þramavirkjunar með því að veita vatni til virkjunarinnar úr Vestara-Friðmundarvatni í Austara-Friðmundarvatn. Fiskistofa bendir á að frá Vestara-Friðmundarvatni falli vatn til Vatnsdalsár og því sé stöðuvatnið ekki á vatnasvæði Blöndu.

Nauðsynlegt sé að kanna vel áhrif þess að veita vatni milli vatnasvæða ef sú aðgerð verði hluti af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum.

Landsvirkjun staðfestir að veita afrennslis úr Vestara-Friðmundarvatni í Austara-Friðmundarvatn sé ekki hluti af tillögu að matsáætlun virkjana á veituleið Blönduvirkjunar. Tekur Landsvirkjun undir umsögn Fiskistofu þess efnis að nauðsynlegt sé að skoða vel áhrif af mögulegri veitu, áður en tekin verði ákvörðun um að ráðast í slíka framkvæmd.

Skipulagsstofnun telur ljóst að veita milli Friðmundarvatna verður ekki hluti af þeirri framkvæmd sem tillaga að matsáætlun lýsir. Því eigi ekki að fjalla um hana í frummatsskýrslu.

Efnisþörf og efnisflutningar. Í kafla 3.2.4 kemur fram að gert sé ráð fyrir að nýta sem mest af þeim jarðefnum sem grafin verða upp úr aðrennslis- og frárennslisskurðum við stíflugerð en auk þess verði eftir atvikum sótt grjót í núverandi námur við Gilsárlón (Eiðsstaðabungu) og í Blöndugil norðan Blöndustíflu og steypuefni verði sótt í Blöndueyrar undan Ytri-Löngumýri. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir stöðu efnistökusvæða í skipulagi.

Fram kemur að stefnt sé að því að vinna áætlun um efnistöku og frágang haugsvæða og vinnubúða. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir slíkri áætlun með hliðsjón af niðurstöðum verkhönnunar um efnisþörf, eins og reyndar er lýst í kafla 6.2.8 um landmótun, en jafnframt komi fram áætlað magn úr hverri námu, stærð hennar og að lagt verði mat á áhrif hvernar námu m.t.t. umhverfisþátta, auk áætlunar um frágang.

Skipulag

Í kafla 4.2.3 kemur fram að í gildi sé Aðalskipulag Svínavatnshrepps 1992-2012. Í umsögn Húnavatnshrepps kemur fram að þessa fullyrðingu eigi að fella út. Skipulagsstofnun bendir á að með nýlega samþykktu Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 er aðalskipulag Svínavatnshrepps ekki lengur í gildi. Stofnunin telur einnig að hafa þurfi til hliðsjónar stefnu Húnavatnshrepps um efnistökusvæði og frágang þeirra þegar nýtingu lýkur.

Í kafla 1.6 er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Húnavatnshrepps um að framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr ám og vötnum skal vera á grundvelli deiliskipulags, sbr. 7.gr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Jakob Gunnarsson

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Húnavatnshreppur, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Landgræðsla ríkisins, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðin.